

1138. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. nóvember 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Áður en að formleg fundardagskrá hófst stóð Ólafía Björk upp og fyrir hönd stjórnar og félagsins óskaði hún Dóru innilega til hamingju með 50 ára afmæli hennar og afhenti henni afmælissgjöf frá félaginu. Að því loknu stóðu fundarmenn á fætur og var sunginn afmælissöngurinn Dóru til heiðurs og hrópað fyrir henni ferfalt húrra.

Þá tók Bjarni Þór til máls og fyrir hönd stjórnar óskaði hann sömuleiðis Ólafíu Björk sjálfri til hamingju með hennar 55 ára afmæli og var einnig sunginn afmælissöngur henni til heiðurs og að því búnu hrópað ferfalt húrra.

Loks óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarmanna á breytingu á auglýstri fundardagskrá á þá leið að liður nr. 3. um starfsreglur jafnréttisnefndar VR væri felldur niður og að í stað hans kæmi umfjöllun um öryggisstefnu VR. Einnig að inn komi nýr liður nr. 5 sem fjallaði um mál orlofsstjórnar sem Sigurður Sigfússon formaður orlofsstjórnar myndi taka fyrir. Númeraröð annarra dagskrárliða þar á eftir myndi þá breytast samkvæmt því. Að lokum óskaði hún svo einnig eftir samþykki fyrir því að fundartími myndi lengjast um ca. 30 mínútur.

Samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1137. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1137. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál

Ólafía Björk sagði lítið hafa gerst í þessum málaflokki frá síðasta fundi stjórnar. Einn fundur hafi verið með SA þar sem næstu skref hafi verið rædd. Fundur hefur svo verið boðaður með trúnaðarráði félagsins í hádeginu á föstudag þar sem fyrirhugað er að kynna rammasamkomulagið og mun Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ koma og sjá um þá kynningu ásamt Ólafíu Björk.

Sagði hún frá fundi Viðskiptaráðs þar sem hún sat í pallborði. Á fundinum fór Seðlabankastjóri yfir stöðu efnahagsmála og hafi hún nýtt tækifærið til þess að lýsa furðu á stýrivaxtahækkun bankans.

Pá sagði hún frá stöðunni í Ísal en þar felldu félagsmenn VR að boða til verkfalls þann 2. desember nk. en verkfall var þó samþykkt í öllum öðrum félögum hjá fyrirtækinu. Fundur var í gær hjá ríkissáttasemjara og eru málin aðeins að liðkast en ekki nóg samt. Fólk vill vita hvort stefnt sé að lokun verksmiðjunnar og hefur annar fundur verið boðaður.

3. Öryggisstefna VR

Stefán fór yfir helstu atriði öryggisstefnu VR sem kynnt var á þar síðasta stjórnarfundi og setti upp á skjá. Í grunninn er þetta öryggisstefnan frá árinu 2005 með nokkrum breytingum.

Umræður.

Að loknum umræðum var öryggisstefnan með áorðnum breytingum borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

4. Áætlun VR vegna 2016

Stefán lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun VR 2016*“, „*Rekstraráætlun VR 2016 – deildarskipt*“ og „*Rekstraráætlun VR 2016 – Skýringar*“ og fór yfir efni þeirra á skjá.

Varðandi forsendur fyrir áætluninni að þá er m.a. gert ráð fyrir að félagsmönnum fjölgi um 1,5% og að laun hækki um 5,5% þann 1. maí 2016 skv. kjarasamningi og að launaskrið verði 3,5%, sem er meðallaunaskrið á árunum 2000 til 2015. Reiknað er með að verðbólga verði 4,4% og að vænt meðalávöxtun á verðbréfasafni verði 6,82% en raunávöxtun verði 2,31%.

Stefán sagði að gert sé ráð fyrir að aukningin sem hefur orðið á greiðslu sjúkradagpeninga haldist á árinu 2016 en þó sé ekki gert ráð fyrir frekari aukningu á milli ára.

Gert er ráð fyrir að framlag í varasjóð verði kr. 600 milljónir, sem lagt verður fram til samþykktar á aðalfundi VR 2016 og þá er reiknað með að senda út bréf til félagsmanna þar sem þeim verða kynnt réttindi sín í sjóðum VR og gætu útgreiðslur úr varasjóði aukist vegna þessa um 23 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að verð fyrir leigu á orlofshúsum hækki á milli ára.

Í áætlun er gert ráð fyrir að farið verði í herferðina „Fjölbreyttur vinnustaður“ sem spunnist hefur út úr hugmyndavinnu við herferð sem hafði vinnuheitið „55 ára +“ og er reiknað með 40 m.kr.kostnaði vegna þess en einnig að gerð verði ný auglýsing sem verður stíluð inn á kurteisi viðskiptavina gagnvart afgreiðslu- og skrifstofufólki en áætlaður kostnaður vegna þess er 23,5 m.kr.

Þá ræddi Stefán breytingar sem verða á bókhaldslegri meðhöndlun nokkurra verkefna t.d. verða tekjur færðar eftir iðgjaldabókhaldi í stað greiðslna eins og gert hefur verið. Tekjur vegna leigu á orlofshúsum eru bókaðar þegar orlofshús eru leigð í stað þess að áður voru tekjur bókaðar við greiðslu. Reiknað er með að fjármagnstekjuskattur verði bókaður þegar hann verður til en ekki við greiðslu, eins og gert hefur verið fyrri ár og loks er gert ráð fyrir að innheimtulaun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna á iðgjaldatekjum félags- og orlofssjóðs lækki á milli ára úr 3,0% í 2,5%.

Þá fór Stefán yfir stóru myndina og sagði m.a. að áætlun gerði ráð fyrir að rekstrartekjur árið 2016 næmu kr. 3.3 milljörðum, rekstrargjöld yrðu kr. 3.1 milljarður, rekstrartekjur umfram gjöld kr. 177.5 milljónir og hreinar tekjur til ráðstöfunar kr. 660.3 milljónir.

Umræður.

Að loknum umræðum fór Stefán næst yfir deildarskipta áætlun og sagði m.a. að ánægjulegt væri nú að sjá að rekstrartekjur umfram gjöld á Sjúkrasjóði VR væru áætlaðar kr. 90 milljónir og fór hann svo yfir áætlun um greiðslu sjúkradagpeninga en þar er reiknað með áframhaldandi vexti í útgreiðslum en erfitt er að spá um þessa liði. Þá fór hann yfir töflu um þróun hlutfalls sjúkradagpeninga af iðgjöldum en þetta hlutfall hefur verið að lækka og er reiknað með að það verði kringum 60% árið 2016.

Umræður.

Þá fór Stefán yfir tölur um rekstur orlofshúsa og aðra orlofsþjónustu og kom m.a. fram að reiknað er með að enn aukist sala gjafabréfa í flug. Reiknað sé með að við leigjum 30 orlofshús til endurleigu og áfram þau tvö hús í Danmörku sem boðið hefur verið uppá síðustu ár.

Þá ræddi Stefán útbreiðslu- og félagsmál en áætlaðar eru kr. 15.6 milljónir í styrki árið 2016 m.a. kr. 4 milljónir í sérstakan jólastyrk stjórnar, og svo til samstarfsverkefna t.d. kr. 2.5 milljónir til Rannsóknarseturs verslunarinnar ofl.

Umræður.

Næst ræddi Stefán um kostnað við hönnun, umbrot og auglýsingar en stærstu verkefnið sem reiknað er með þar eru herferðin um fjölbreyttan vinnustað sem áður var kynnt og svo ný auglýsing um kurteisi. Nýja vefsíðan okkar er nú tilbúin og í lokaprófunum hjá starfsfólki. Þá fór Stefán yfir áætlaðan kostnað við nokkur mál t.d. ASÍ þing, VR blaðið og vegna trúnaðarmanna. Áætlað er að kostnaður vegna auglýsinga verði kr. 75.8 milljónir.

Varðandi skrifstofu- og launakostnað að þá er áætlað að stöðugildi verði svipuð milli ára eða 53.1 og að launakostnaður hækki því ljóst er að 5,5% kjarasamningsbundin hækkun launa verður 1. maí 2016. Áætlun gerir ráð fyrir

að keyptar verði 25 nýjar tölvur sem þarf að endurnýja og einnig verði áfram haldið að endurnýja fjarfundarbúnað og símtæki.

Fjárfestingarstefna okkar 2016 verður óbreytt milli ára en óhætt er að segja að þetta sé varfærin stefna. Gert er ráð fyrir 4,4% verðbólgu og að krónan veikist um 5% en að vænt nafnávöxtun verði 6,82% og raunávöxtun 2,31%.

Loks fór Stefán yfir fjárfestingaráætlun 2016 en allt mun það verða eignfært og afskrifast svo á nokkrum árum. Meðal þess eru nýtt hús fyrir fatlaða í Miðhúsaskógi, slitlag á veg þar og endurnýjun húsa á Einarsstöðum ofl. eða samtals fjárfestingar uppá kr. 118.9 milljónir.

Umræður.

5. Mál frá orlofsstjórn VR

Sigurður, formaður orlofsstjórnar VR, sagði nú frá fundi orlofsstjórnar í gær þar sem nokkur mál voru á dagskrá en m.a. var þar farið yfir stöðu framkvæmda og kom fram að búið sé að taka tilboði um lagfæringu á vegi í Miðhúsaskóg en einnig barst okkur mjög gott tilboð í lagningu slitlags á veginn.

Þá var farið yfir breytingar á Einarsstöðum og rætt um að bygging fjölnota húss fyrir fatlaða í Miðhúsaskógi fari í útboð í desember.

Þá hafi verið farið yfir og samþykkt áætlun orlofssjóðs 2016 en einnig var ákveðið að breyta úthlutunarreglum orlofshúsa og farin eins konar „blönduð leið“ þótt erfitt sé að gera öllum til hæfis í þeim efnum. Reiknað er með að úthlutun hefjist kl. 19 þann 7. janúar 2016 fyrir tímabilið 27.05 – 02.09 2016 en kl. 10 þann 8. janúar fyrir þá sem fengu úthlutað húsi að sumri 2013 – 2015. Síðan verði opnað kl. 10 þann 14. janúar fyrir tímabilið 02.09 2016 – 02.06 2017.

Sigurður sagði að samþykkt hafi verið að fjölga leiguhúsum um 5 og fara í 30 hús en þegar eru komin 17 hús og 2 í Danmörku áður en að auglýst hefur verið sem sé ánægjulegt.

Loks hafi verið ákveðið að leggja það til við stjórn að keypt verði orlofshús af Eflingu stéttarfélagi sem staðsett er á Kirkjubæjarklaustri en það hefur nýlega verið tekið í gegn að innan og er í góðu standi og á stað þar sem okkur vantar að geta boðið hús. Kaupverðið er mjög sanngjarnt, aðeins kr. 8 milljónir.

Umræður.

Ólafía Björk bar þá upp tillögu orlofsstjórnar um að kaupa húsið á Kirkjubæjarklaustri.

Samþykkt samhljóða.



6. Jólaball VR – minnisblað

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað – Jólaball VR 2015*“ dags. 04.11 2015 og fór yfir efni þess á skjá. Þar var rakin stuttlega sagan en síðasta jólaball VR var haldið árið 2001 og hafði eftirspurn þá minnkað svo mikið að ekki þótti vænlegt að halda því áfram. Búið er að kanna með húsnæði og kostnað við jólaball fyrir 500 eða 1000 manns bæði í Hörpu og Gullhömrum annað hvort 5. desember eða þá 12. desember og kostnaðaráætlun er allt frá kr. 980.000 – 2.961.250 eftir því hvar þetta væri haldið, fjöldi og hvort greiða þurfi fyrir miðana.

Umræður.

Að loknum líflegum umræðum og vangaveltum um nokkrar útfærslur var loks borið upp til atkvæða fyrst hvort halda ætti jólaball og var samþykkt að gera það.

Þá var borin upp tillaga Ragnars Þórs sem var sú að halda jólaballið í Gullhömrum þann 5. desember miðað við 1000 manns og hafa það frítt. Samþykkt.

7. Erlendir félagsmenn VR – minnisblað

Ólafía Björk lagði fram skjalið „*Minnisblað – Erlendir félagsmenn*“ dags. 05.11 2015 og fór yfir efni þess á skjá. Kom fram í máli hennar að erlendir félagsmenn séu um 5% félagsmanna og er hugsað til þeirra m.a. með upplýsingum á ensku á heimasíðu félagsins, einnig þegar sendur er fjöldapóstur, með túlkapjónustu og á símsvara félagsins svo nokkuð sé nefnt.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 20:50
Árni Leósson, fundarritari